

Nd.

351. Frumvarp

til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911, og lögum um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtu-
manni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir
innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess,
að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25.
júni 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155.
gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann
sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig,
að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sekt-
um en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum
þeim, er undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar
hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru,
dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verzlunar eða umboðssölu, ef hann
hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó
fengið slík leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um
brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá er eigi hefir slík leyfi, er hann verður brot-
legur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

2. gr.

Heimilt er póstmanni að opna böggulsendingar, sem sendar eru í pósti
frá útlöndum, áður en þær eru afhentar, ef grunsamt þykir, að eigi sje rjett frá
skýrt um innihald þeirra.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn 1. málsgr. 2. gr., skal fara sem almenn lög-
reglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsgr. 1. gr. sæta almennri sakamála-
meðferð.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsgr. 8. gr. tolllaga nr. 54,
11. júlí 1911 og 1 málsgr. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.